

# Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd

## Fullveldi Íslands

Þegar hætta steðjar að reynir á að allir þættir ríkisvalds standi undir ábyrgð sinni til að verja undirstöður stjórnarskrárinnar, réttarríkið og frjálslynda og lýðræðislega stjórnskipun í anda sjálfstæðisstefnunnar. Hagsmunum Íslands er betur borgið utan Evrópusambandsins. Þjóðinni hefur farnast vel utan sambandsins. Sjálfstæðisflokkurinn stendur vörð um fullveldi og frelsi landsins þar sem yfirráðin yfir eigin auðlindum eru tryggð.

## Stjórnarskrá

Stjórnarskráin er grundvöllur stjórnskipunar landsins og hefur þjónað hlutverki sínu vel. Engin nauðsyn er til þess að umbylta efni hennar. Stjórnarskráin kveður á um grundvallarreglur lýðveldisins og mannréttindi borgara. Hyggja þarf vel að breytingum á stjórnarskránni og ráðrúm þarf að gefast, bæði innan þings og utan, til að gaumgæfa tillögur að breytingum á henni. Heildarendurskoðun sem umturnar öllum ákvæðum stjórnarskrárinnar samræmist ekki sjónarmiðum um réttaröryggi og fyrirsjáanleika. Mikilvægt er að breytingar á stjórnarskrá séu gerðar í víðtækri pólitískri sátt og að undangenginni vandaðri og málefnalegri umræðu. Umræða um stjórnarskrá og breytingar á henni verður ávallt að vera hafin yfir skammtímaáherslur stjórn mála frá einum tíma til annars. Í stjórnarskrá skal fjallað um gildi íslenskrar náttúru og stöðu íslenskunnar. Kveðið verði á um þjóðareign á auðlindum lands og sjávar, sem ekki eru háðar einkaeignarrétti, og að þær beri að nýta á sjálfbæran hátt landsmönnum öllum til hagsbóta. Samhliða ber að skilgreina skýrlega hugtakið þjóðareign og lagalega merkingu þess. Nauðsynlegt er að víðtæk sátt sé um slíkt ákvæði og tryggja að það hrófli ekki við stjórnarskrárvörðum réttindum sem þegar hafa stofnast við hagnýtingu hlutaðeigandi auðlinda. Landsdómur skal lagður niður samhliða endurskoðun á ákvæðum í lögum um ráðherraábyrgð.

28

## 29 **Forseti Íslands**

30 Endurskoða skal hlutverk, stöðu og kjör forseta Íslands. Setja þarf embættinu skýrt  
31 hlutverk og valdmörk. Lágmarksfjöldi meðmælanda með framboði til forseta skal  
32 aukinn.

## 33 **Umgjörð kosninga**

34

35 Endurskoða skal kjördæmaskipan þannig að atkvæðavægi sé jafnara og rödd allra  
36 landshluta sé tryggð. Endurskoða skal umgjörð við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar  
37 með það fyrir augum að gera framkvæmdina skilvirkari og að atkvæði skili sér á  
38 kjörstað.

## 39 **Sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaga**

40 Í stjórnarskrá er sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaga staðfestur og kveðið á um að  
41 sveitarfélögin skuli sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða. Haldgóð rök og  
42 verulegir hagsmunir þurfa því að koma til ef skerða á þennan ákvörðunarrétt.  
43 Lýðræðisleg sjónarmið lúta þannig að því að sveitarfélög eigi að geta nýtt  
44 sjálfsákvörðunarrétt sinn varðandi t.a.m. atvinnuuppbyggingu og nýtingarrétt.  
45 Byggðamynstur er ólíkt milli sveitarfélaga og vegna þessa þurfa sveitarfélög að hafa  
46 meira um það að segja hvernig verkefnum sem þeim er úthlutað að lögum eru útfærð.

## 47 **Heimsfaraldur**

48 Heimsfaraldur Kórónuveiru hafði víðtæk áhrif hérlendis og gripu stjórnvöld inn í með  
49 afgerandi hætti. Í ljósi þess er mikilvægt að sóttvarnaraðgerðir stjórnvalda verði  
50 skoðaðar með tilliti til stjórnarskrárinnar, svo draga megi lærdóm af þeim.